
Guðni Hallgrímsson.

Rv. 1849.



RÆÐUR,

fluttar við útför

GUÐNA HALLGRÍMSSONAR,

sáttanefndarmanns og hreppstjóra.

Gefnar út

að tilhlutun og á kostnað ekkjunnar.

Landsbókasafn

Reykjavík.

Prentaðar í prentsmiðju landsins af H Helgasyni.

1849.

I.

HÚSKVEÐJA,

flutt að Ljósavatni 13. dag júnímánaðar 1848,

af prófasti **Halldóri Björnssyni.**

Vjer höfum nú að vísu hryggð, elskuðu, nálægu vinir! því það er einkenni ástarinnar, að syrgja vin sinn dáinn; en samt megum vjer þakklátir viðurkenna, að gleðileg umskipti eru orðin fyrir vorum í drottni burtsofnaða ástvini, sem hjer hvílir nú andvana á fjölinni í náklæðum sínum; því skeiðið er runnið á enda og hnossið höndlað, stríðið unnið og lífsins vegsamlega kóróna fallin honum í sigri hrósandi trúarskaut. Allt er nú kyrrt og rólegt; ekkert andvarp nje vein heyrist frá hinu aðþrengda, þjáða brjósti; til fulls og alls er ljett orðið fyrir því. Lengi höfðu þjáningarnar bannað hjartanu værð og augunum blund; en sjáið, vinir! nú er ró fengin, vært blundað, og hann vaknar ekki framar til áþjánar lífsins; þess óskum vjer ekki heldur; vjer viljum ekki vekja hann. En vjer ætlum nú grátandi glaðir að fylgja honum hjeðan úr húsi þessu til helgidómsins; þar á hann að dvelja um stund, unz þjónn trúarbragðanna vígir hann til hinnar tryggu og löngu hvíldar á móðurskauti. En, þó vjer fylgjum honum

núna í kirkjuna, þá munu ekki hinar helgu hvelfingar endurkveða hans fögru rödd, er svo opt áður hljómaði þar hátt og kröptuglega til lofgjörðar guðs; en því fegur og betur mun hans ódauðlega anda láta lofgjörðin í andanna sæla samfjelagi fyrir stóli guðs og lambsins, þegar hann lítur til baka yfir þá vísdómsfullu og gæzkuríku vegu, sem hinn algóði faðirinn leiddi hann á til takmarksins, og með himneskri söngsnilld, með himneskum þakklætis og auðmýktar tilfinningum gjörir orð skáldsins að sínum: „Allsherjar guð! jeg þakka þjer þeigið lán allt, sem veittir mjer". Já, hjeðan ertu nú til burtfarar búinn, sálaði, sártharmaði vinur vor! hjeðan úr þessu húsi, hvers stoð og stytta, heiður og sómi, höfuð og herra þú lengi hefur verið; hjer upplukust fyrst augu þín til að sjá ljósið, og hjer lukust þau loks fyrir birtu þess; hjer blundaðir þú í fyrsta og hinsta sinni; hjer hefur þú borið hita og þunga dagsins; hjer hefur þú opt mæðzt fyrir brjóstinu, og aptur blásið mæðinni; hjer hefur þig tíðum sótt þorsti og þörf endurnæringar, hjer hefur líka guð gefið þjer margan svaladrykkinn, marga saðninguna; hjer hefur löngum vinna lífsins þreytt þig, og aptur endurnærandi blundur á ástarinnar blíða skauti ljett af þjer lúanum; hjer hefur þú grátið og glaðzt; hjer gaf guð þjer efni og vilja til að svala hinum þyrsta ferðamanni, seðja hinn hungraða og klæða hinn nakta; hjer hafa hrellingar lífsins slegið þjer marga harma-æðina, en guðleg hugsvölun aptur stillt hana; hjer hefur þú notið yndis og ástúðar af vinum þínum, en hjer hefur líka hjarta þitt særzt af ástvina missi og söknuði; hjer hefur guð blessað þig og þína, og hjer hefur þú þakkað honum fyrir það; hjer ljet guð þig reyna það, að hann elskaði þig; því að hjer lagði hann á þig krossinn, og færði þjer heim sanninn um það, að oss

byrjar í gegnum margar hrellingar að ganga inn í guðs ríki; hjer ljet hann líka mátt sinn fullkomnast í og með þjer, til að bera með háleitum sálarkjark, stöðuglyndi og þrautgóðri von það, sem honum þóknaðist á þig að leggja, svo að reynsla trúar þinnar yrði dýrmætari, en raun gullsins. Já, vel og hetjulega barðist þú í hinni síðustu ströngu og löngu orustu lífsins, en þú stóðst ekki heldur einn uppi; því trúar - og vonar - sjón þín horfði stöðugt til hans, sem lofaði að vera með sínum allt til enda veraldar, til hans, sem fullkomið bana-orð bar af konungi skelfingarinnar, og leiddi í ljós lífið og ódauðlegleikann. Það leit svo út, sem kraptur eptirkomandi aldar og öfl hins eilífa lífsins hreifðu sjer með því meiri dáð í þinni þrekmiklu sálu, því þyngra sem þjáningarnar lögðust á ytra manninn og veiktu hann, og nú gefst þjer líka undir — sú er ósk og von vor vina þinna — að undir taka með postulanum: „Jeg hef góðri baráttu barizt, skeiðið hlaupið, trúnni haldið, en nú gefur mjer endurlausnari minn, sem jeg sampíndist með, kórónu rjettlætisins"; og vjer ástvinir þínir lofum líka og vegsömum miskunsemdanna föður, sem hefur þjer sigurinn gefið fyrir Jesúm Krist. Vjer þráum þig að sönnu og söknum þín, en samfögnum þó heill þinni, af því vjer elskum þig; af hjarta óskum vjer þjer til blessunar með umskiptin, undir eins og vjer þökkum þjer fyrir það, hvílíkan sóma - og dugnaðar - mann þú vottaðir þig í voru fjelagi; fyrir það, hvað skyldurækinn, vandaður og alúðarríkur þú varst í þeirri köllun, sem þú varst kallaður í. Vjer geymum og blessum nafn þitt, sálaði vinur vor, Guðni Hallgrímsson! með þakklátri endurminningu í hjörtum vorum, hvar hún mun lifa, meðan þau bærast í brjóstum oss. En einkum er það þó hin harmþrungna ekkja og hinn

ljúflyndi sonur þinn, sem að skilnaði færa þjer í fórn heitustu þakklætis og elsku tár fyrir það, hvílíkur þú varst þeim í lífinu, sem ljúfur og umhyggjusamur, trúfastur og ástríkur ektamaki og faðir; þau finna til þess, hve mikið þau hafa misst, er þau sáu þjer á bak, þó að líkindum hún ekki síður; en það gjörir ljúf saknaðartárin, að þjer líður vel, og þau vilja líkjast þjer í því, að bera reynsluna með stöðuglyndi, von og trú.

En líka mundi nú hinn sálaði vinur vor, undir eins og hann kveður þetta sitt elskaða hús og ástvini sína, ef hann gæti látið yður heyra og skilja mál sitt, þakka yður öllum, sem hafið ljett honum mæðu lífsins; þakka yður einkum og sjer í lagi alla þá aðhjúkrunar-alúð, sem þjer hafið vottað honum í hans ströngu og löngu sjúkdómsneyð; og einkum þjer, sinni eptirþreyjandi ekkju, mundi hann langtum innilegar, en jeg fæ orðum að komið, þakka, að vísu alla sambúðar-ástúðina, en sjer í lagi hverja vökustundina, sem þú lagðir á þig við banabeð hans; sjerhverja aðhjúkrunar-tilraunina, hvert blíðuatlotið, er þú leitaðist við að gleðja og endurnæra hann með; sjerhvert huggunar-orðið, sem þú hefur mælt við hann; sjerhvert meðlíðunar og hluttekningar tárið, sem þú hefur fellt hans vegna; sjerhvert andvarpið, sem þú hefur fórnað fyrir hann í hæðir miskunsemdanna; já, fyrir allt þetta blessar hann þig nú, heim kominn til ykkar og allra vor algóða föður; þaðan hugsar hann víst ofan til þín og allra vor; þar bíður hann sæll og glaður þeirrar stundar, þegar honum veitist að sjá þig aptur í hinum dýrðlegu heimkynnum hins eilífa kærleika; þá verður gleði hans og þín fullkomin, og enginn getur tekið hana frá ykkur; þar verður líka fleiri vinum að fagna.

Æ, farðu þá vel, sálaði vinur vor! hjeðan úr

húsi þessu til helgidómsins; vært sofi dupt þitt, en friður guðs og blessun hvíli yfir anda þínum; miskun og friður hans yfir oss öllum; andi huggunar í hjörtum allra þeirra, sem nú syrgja látinn ástvin. En einkum lát þú, eilífi faðir gæzkunnar! lindir himneskrar hugsvölunar með guðdómlegum endurnæringar-krapti streyma inn á hjartans tilfinningar ekkjunnar, sem nú grætur það, er hún átti kærast á jörðu. Vertu hennar ljós og lífskraptur til að líða þolinmóðlega, biðja óaflátanlega, og vænta þíns hjálpræðis stöðuglega. Láttu stjörnu vonarinnar, sem einnig ljómar yfir leiðum hinna dauðu, leiptra fagurt fyrir hennar áfram-mænandi sálarsjón; láttu hana renna henni upp æ fegri með hverjum aflifuðum æfidegi og allra fegurst að kveldi hins síðasta; láttu hana lýsa henni í gegnum öll hennar sorgar og einstæðings, já, loksins gegnum dauðans myrkur inn á land sælunnar, þar sem von hennar, samfundanna sæla von, nær sinni eilífu uppfyllingu hjá þjer, guð vonarinnar! Guð veiti oss fyrir Jesúm Krist að finnast þar og samfagna. Amen!

II.

Fáein orð,

töluð af presti **Jóni Kristjánssyni**

í Ljósavatns-kirkju, 13. d. júním.

Hjer í þínu húsi, himneski faðir! viljum vjer hyggja af harmi vorum, minnugir þess, að, hvort sem vjer lifum eða deyjum, þá erum vjer í húsi föður vors; styrkir í trúnni viljum vjer hyggja af harmi vorum, og af klökkum hjörtum flytja þjer, himneski faðir! lofgjörð og bæn; lofgjörð fyrir það, að „það er fullkomnað“, heit drottins vors Jesú Krists er fullkomnað við þennan bróður vorn og vin, sem vjer sjáum hvar lagður er: „Komið til mín, þjer, sem erfiði þjáizt, og mæðizt undir þungum byrðum! jeg skal gefa yður hvíld.“ Eins og bliður og fagur dagur hefur hrundið á burt kólgum og stríðvindi liðins tíma, eins hefur guð friðarins hastað á bylji þjáninga hins framliðna, og leyst hans mædda anda frá þrautum og baráttu; því hann fetaði í fótspor endurlausnara síns og friðþægjara, og við þjáningar er hann fullkomnaður í allri þolinmæði, þori og styrkleika til sællar erfðar heilagra í ljósinu.

Vjer sjáum, hvar hann er lagður, og kveðjum hjer að sinni þá jarðnesku mynd; en innan lítils tíma viljum vjer aptur veita henni þá seinnstu þjónustu, og fylgja til hinstu hvíldar hennar, tregandi, en

þakklátir fyrir starfsamt og uppbyggilegt líf mannsins, hvers andi er þegar fluttur til dýrðlegs fagnaðar, og farinn frá oss á fögrum vængjum morgunroðans til æðri andlegrar starfsemi, þakklátir við þig, faðir! sem veitir oss allt gott, er vjer þiggjum; því frá þjer kemur öll góð og fullkomin gjöf.

Guð friðarins! gefðu oss þinn frið og blíða huggun í vor saknandi og sorgmæddu hjörtu. Láttu oss með þreki kristilegrar trúar geta mælt: „Far þú í friði til bústaða friðarins, vor sæli framliðni bróðir!“ og hverfa svo hjeðan með öruggri trú, svo á oss rætist: „Sælir eru þeir, sem harma; því þeir skulu huggast.“ Ó! innan lítils tíma huggar þú oss alla, guð allrar huggunar! Hjá þjer, í þínum fögnuði, syrgir ekki vinur vin, ekki barn föður, nje trúlynd og blíð kona ástríkan mann.

Friðar og blessunar guðs árnum vjer þjer, framliðni vinur! Sendu oss, eilífi kærleikur! huggun, frið og blessun. Amen!

III.

LÍKRÆÐA,

flutt í Ljósavatns-kirkju, 19. dag júním.,

af prófasti **Halldóri Björnssyni.**

Það virðist nokkuð undarlega til orða tekið, þegar svo er að kveðið, að betra sje að koma í hryggðaren gleði-húsið; en samt er óhætt að fullyrða, að orð þessi sjeu sannkveðin; því hollast er það fyrir skynsemigædda skepnu guðs, að vitja þangað, sem ríki skynseminnar gefst undir að út breiðast og eflast, þangað, sem rólegur athugi spekir sálina, og maðurinn hlýtur rjett ósjálfrátt að verða hrærður og knúður til að varpa skoðandi hugsjón yfir og inn í sitt eigið ástand; hollara víst, en að koma þangað, sem manni gefst tilefni til að eyða lífinu í ýmislegum skemmtandi og glepjandi útvortis hjegóma; því hið sanna líf vort er fólgið innra með oss í helgidómi samvizkunnar, í djúplægustu tilfinningum hjartans, og i andans æ beinni og hraðfleygari upplyptingu til andanna föður, og þessu háleitara, þessu eiginlega lífi voru veitist næring, fjör og afl við guðrækilega komu og dvöl vora í húsi hryggðarinnar; þar verður fyrir oss alvara lífsins, og öllum oss er það einkar hollt og gott, að spekjast og gagntakast af alvöru þess, að geta sjeð, hvað sje það eina, sem óhætt er fyrir að hlíta til hugsvölunar og styrkingar á tíma neyðar og hrellingar. Vjer verðum þess bráðum vísir, að þennan dug er að þakka trúarbrögðunum, eða hann er i nákvæmasta sambandi við þau; vorri

hrærðu hugsjón verður það ljóst, að kraptur sá, sem fær manni verðugrar staðfestu, kemur að ofan frá kraptarins og styrkleikans guði, sem lætur þá ekki sakna síns alvolduga fulltingis, er í Jesú nafni leita þess með trúaðri bæn, sem vegna lausnarans væntir alls góðs hjá miskunsemdanna algóða föður, væntir vegna hans fyrirgefningar syndanna og hins eilífa lífsins; því þessi kristna von verður að fylgja bæninni upp að hásæti guðs með innilegu trúnaðartrausti, ef himneskt hugrekki og friður á aptur ofan af hæðum miskunarinnar að geta streymt inn á tilfinningar hins biðjandi, hrærða hjarta, og varðveita það í hans kærleika; og þar sem þetta hugarfar verður fyrir oss í húsi hryggðarinnar, svo að öfl guðs-ríkis og hins eilífa lífsins virðast með dásamlegum krapti hreifa sjer og fullkomnast í veikleikanum, þá megum vjer vera vissir um, að þar sje beðið í Jesú nafni, og hljótum jafnframt að sannfærast um það, að vjer eigum að biðja í þessu sama blessaða nafni, til þess að fá barizt hraustlega í orustu lífsins og borið úr býtum sigurinn. Þannig gefst oss undir í húsi hryggðarinnar, að hefja anda vorn til guðs og endurlausnarans, til himinsins og eilífðarinnar, og er það oss óviðjafnanlega dýrmætur ávinningur; vjer finnum, að þeim alvarlegu stundum, sem vjer dveljum hjer, verjum vjer handa hinum tignari hluta veru vorrar; hjer verður það ljóst fyrir skoðun andans, og áhrifamikið fyrir tilfinningu hjartans, að vjer ásamt öðrum lífsins förunautum vorum erum í sambandi við hinn æðra heim, hvar allt það, sem hjer grúfði dimman og hryggðin yfir, mun í fegurstu birtu breiða sig út fyrir skoðandi aðdáun hins sæla anda á frjálsari og háleitari sjónarstöðvum; það herðist á ástar og sameiningar böndunum milli vor og vorra harmandi systkina; lindir hluttekningar og

meðlíðunar opnast í djúpi sálarinnar og streyma með blíðri viðkvæmni gegnum allar hjartans tilfinningar, svo vjer finnum af alvöru til þess, að oss hafi orðið það fyrir góðu, að koma í hús hryggðarinnar. Og í það erum vjer núna komnir, nálægu vinir! af því vjer álítum hollt og gott og nauðsynlegt fyrir hjörtu vor, að koma hingað í hryggðarhúsið til að gráta með grátendum; til að geta látið úti og tekið við hugsvölun; til að votta hjartans hluttekningu vora syrgjandi ættingjum og ástmönnum vors sálaða vinar, hvers jarðnesku leifar nú í dag eiga að leggjast á móðurskaut til hinstu hvíldar, einkum sártharmandi, eptir-þreyjandi ekkju hans, sem nú horfir grátandi saknaðar-auga eptir þeim vininum, sem hún átti dýrmætastan á jörðu, ástríkum, umhyggjusömum, þrautgóðum, ánægjulegum ektamaka, og syninum, sem tregar skylduríkinn og góðan föður. En það eru ekki einungis ekkjan og sonurinn, ekki að eins ættmenn hins framliðna, sem harma hann látinn, heldur allir vjer, fjelagsbræður og vinir hans; vjer finnum með innvortis sársauka til þess, og heiðrum moldir hans, eins og skylt er, með þeirri játningu, að við fráfall hans hafi mikið skarð orðið fyrir skildi hjá oss; því, þó hann væri kominn nokkuð yfir miðaldurs skeið, var samt enn þá mikils góðs von fyrir fjelag vort af hinum hyggna, starfsama og þrekmikla manni, ef honum hefði auðnazt líf með heilsu. Já! það eru ekki einungis ættmenn, vinir og fjelagsbræður, sem nú eru snortnir saknaðarhryggðum; þetta heilaga hús, sem hvelfir sjer ofan yfir hryggðarsamkomu vora, það tregar eiganda sinn, sem veitti því forstöðu, sem með sómasamlegri skyldurækt hjelt upp á það, prýddi það, gætti í því góðrar reglu og gjörði hinar helgu tíðir þess fagrari, áhrifameiri og inndælli með sinni snjöllu og lagsælu röddu. —

En, þó hjer sje nú sannnefnt hryggðarhús, þá er hinum algóða, eilífa miskunsemdanna föður svo fyrir að þakka, að vjer, sem birt hefur fyrir augum af fagnaðarerindi Krists, eigum þann sæla kost, að geta eygt í gegnum dimmu hryggðarinnar ljós yfirgnæfandi fagnaðar að baki skugga dauðans og grafarinnar; rjettlætissólin, sem í ljós leiddi lífið og ódauðleikann, breiðir birtuna yfir sjóndeildarhring vorn og veg lífsins, svo aldrei þarf að verða til skaða dimmt á oss, ef vjer sem rjettir sólfylgjendur snúum að henni vorum andlegu skilningsaugum. Vjer syrgjum því ekki, sem þeir, er enga von hafa; því von eilífs lífs, sem fullvissar um eilífa heill hinna framliðnu vina vorra, er í drottni deyja, og sæla samfundi síðar meir, gjörir oss saknaðarsorgina bærilega. „Ef að þjer elskuðuð mig, sagði Jesús forðum við lærisveina sína, þá gledduzt þjer af því, að jeg sagði yður, að jeg færi til föðursins; því að faðir minn er mjer meiri"; álíka mundi nú hinn sofnaði vinur vor ávarpa oss, ef vjer gætum numið mál hans: „Ef þjer elskuðuð mig, þá gledduzt þjer af því, að jeg er kominn til föðursins, til míns föður og yðar föður, til míns guðs og yðar guðs, gledduzt af því, að jeg er nú heim kominn til drottins míns og allra vor endurlausnara, Jesú Krists; því jeg á þar miklu betra". Já, sálaði vinur vor! er vjer nú kveðjum í seinasta sinni í dag, kveðjum í von um, að fá að sjá þig aptur; að vísu grátandi —því ástin krefst rjettar síns —, en þó glaðir í anda fylgjum vjer þjer að býli grafarinnar; vjer tregum þig, en fögnum þó lausn þinni; því vjer elskum þig enn, svo vjer af hjarta unnum þjer þeirra sælu umskipta, sem orðin eru á högum þínum. Konan þín, sem sárastan hefur nú harminn að sekkja, hún ætlar að stunda hjer eptir, eins og hingað til, að vera öflug í Jesú trú og von-

inni um það, að, eins og hans guðdómlegi kraptur fullkomnaðist í vanmætti hennar, til þess hún gæti staðið undir krossinum með þjer á þínum síðustu og þungbæru þjáningastundum, og gjört þjer hann ljettbærari með þrautgóðri aðhjúkrun og hluttekningarsamri ástúð, svo muni hann einnig hjer eptir reynast sjer styrkleikans og kraptarins guð; þessi von er það, sem styrkir og gleður hana. Hún er viss um það — því ekki vinnur dauðinn á hinni hreinu ást —, að þú munir nú með ástríkri hluttekningu hugsa til sín, líta ofan til sín, þar sem hún stendur eptir stríðandi og mænandi upp til þín sigri hrósandi; hún er viss um það, að þú munir nú með himneskri málsnilld og andagipt, þar sem þú ert að engli orðinn og sjer þíns föður andlit, biðja fyrir sjer, að trú hennar ekki þrotni, að ljós vonar og huggunar skíni henni í öllum hennar einstæðings og sorga myrkrum á veginum, sem enn þá er ófarinn til þín, unz henni að stríðslokum rennur til fulls upp ljós eilífrar sælu, og tárin, sem hjer runnu og drottinn taldi, verða eilíflega af þerruð í sælum samfögnuði hjá þjer og öðrum, sem hún þreyir, og farnir eru til guðs staðar á undan þjer; þá þykja þau ekki hafa verið of mörg, þegar til uppskerunnar kemur. Þess muntu, sálaði vinur vor! nú þegar sæll reynsluvottur orðinn, hvílík gleði þjer er það, eptir afstaðna hjervistar mæðu, að þinn skarpskyggni andi fær nú við ljós eilífðarinnar grant og skýrlega skoðað og skilið speki og gæzku guðs með handleiðslu hans á þjer í gegnum lífið, einnig með þær ströngu og langvinnu þjáningar, sem leiddu þig til dauðans. Því óskiljanlegra þjer máske hefur verið það, hvað til þess kæmi, að hönd hins algóða föður legðist svo þungt á þig, því fagnaðarsælla mun þjer, að fá það nú skynjað; tilgangur þrautanna og harm-

kvælanna, sem þú leiðst, blasir nú í himneskri ljósbirtu fyrir sjón anda þíns, sem frá sjer numinn af heilagri aðdáun drýpur niður í þakklæti, lofgjörð og tilbeiðslu fyrir hásæti almiskunarans; því meir sem það hefur orðið að taka á þína kjarkmiklu og frjálslyndu sálu, að búa í veslum og þjáðum líkama hinar seinustu stundir hjerveru þinnar, sem bannaði alla jarðneska atorku og lífsgleði, með því inndælli sælu-tilfinningu fagnar þú nú lausn þinni, og þeim andlega bráðþroska undir eilífðina, sem þjáningarnar áunnu þjer; því tilfinnanlegri þjer var reynsla trúarinnar, því sælurikara er þjer nú hnoss dýrðarinnar; því harðari orustan, því fegri kórónan. Vjer óskum þjer til blessunar; því vjer vitum, að þeir eru sælir, sem í drottni deyja; þeir geta hvílzt eptir vinnu sína og verk þeirra fylgja þeim.

Hið rjetta langlífi er ekki komið undir því, að telja mörg ár á baki, heldur hinu, að hafa með dáð og dugnaði varið lífsöflum sínum; og, eins og oss er það geðfellt, að sjá hinn lúna erfiðismann þiggja væran blund að kveldi eptir vel aflokinn starfa, eins er það ljúft hinni æðri tilfinningu vorri, eptirþreyjandi samferðamanna þinna, að vita þig hafa fengið ljúfa og væra hvíld; því þú varst orðinn hennar verður og þurfandi. Þú vannst, meðan dagurinn entist; þú sáðir í andanum, og þar sem þú ert nú kominn muntu af andanum upp skera hið eilífa lífið; auðug uppskera bíður þín á blómvöllum eilífðarinnar. Guði sje lof, sem þjer hefur sigurinn gefið fyrir son sinn, Jesúm Krist, sem hefur frelsað þig frá öllu illu til síns himneska dýrðarríkis. Í friði hvíli dupt þitt í sínu dimma heimkynni. Friður guðs umfaðmi sálu þína. Friður guðs og miskun hans sje með oss öllum til eilífs lífs. Amen!

IV.

RÆÐA,

flutt í Ljósavatns-kirkju, 19. dag júním.,

af presti **Jóni Kristjánssyni.**

Í Jesú nafni!

Eilífi, heilagi, sæli kærleikur! láttu leiðandi og stjórnandi speki, láttu huggunar- og máttar-anda þinn hefja og styðja hugsun vora, en helga og fullkomna tilfinningar hjartna vorra, svo að vjer eignumst þá sælu viðurkenningu, að í þjer lifum, erum og hrærumst vjer, svo vjer þekkjum vísdómsráð þitt og tilhögun í heiminum, og unum því með allri staðfestu hjartans, hvort heldur þú gefur, eða sviptir hjer á jörðu, en það eitt sje áhugi vor hjer í öllu, í andstreymi, myrkri og harmi tímans, að skyggnast um eptir þeim góða veginum, að haga vel og forsjállega ferð vorri, að keppa með þori og þolinmæði, trú og von, trúir við verk köllunar vorrar í kærleikanum til þín og samfaranda vorra, að bústöðum friðar, ljóss og sælu. Guð vor faðir! án þín megnum vjer ekkert. Sendu anda huggunar þeim, sem gráta og syrgja; anda máttar þeim, sem ætla að vanmegnast undir byrðinni í hita og erfiði dagsins. Gef oss öllum speki hjer að ofan, svo að hinn sári harmur vor yfir missi þess úr samvist vorri, sem hjer er lagður, snúist í blíðan trega. Guð lifanda og ekki dauðra! — allt gjörir þú vel; þeir lifa allir hjá þjer —; minntu oss

á það, að þú hefur sætt heiminn við sjálfan þig, svo að vjer ekki hræðumst, heldur með djörfungu aðhyllumst hann, sem er frumburður dauðra og frelsari heimsins, hann, sem mælt hefur: „Hver, sem trúir á mig, skal lifa, þótt hann deyi". Og það var oss betra, að hann færi hjeðan; því andinn segir oss, að þeir eru sælir, sem í drottni deyja; hann hefur til búið þeim nýja vist í því ómælilega, dýrðlega föðurhúsi; þar er hvíld frá þrautum; þú gefur oss sælu á himnum, eilífi kærleikur! þangað kallar þú oss í blíðu og stríðu, gleði og hryggð: „Komið!" og vjer komum, og verk vor fylgja oss. Amen!

Hjer er þá vottur alvöru lífsins. Sú alvara hefur snortið oss alla, sem hjer erum, og vjer getum hvorki, nje viljum leyna henni. Söknuður, hryggð, harmur hafa gripið oss, og vjer láum það ekki hver öðrum. Hingað höfum vjer, vegfarendurnir og samfarendurnir á jörðu, áður að horfið, til þess að lofa og vegsama guð sameiginlega með bænum vorum, söngum og hans heilaga orði, til þess að helga öll vor lífssambönd, og biðja oss blessunar af hæðum; hingað höfum vjer komið glaðir, og glatt oss yfir miskun drottins, frá hverjum öll góð gjöf kemur; mæddir, og fengið endurnæringu; hugsjúkir, og varpað áhyggjum vorum á hann; hrelldir, en þyrstir eptir rjettlætinu, og fengið svölun af lindum lífsins í orði friðþægingarinnar; syrgjandi, og huggazt. Og þó hús þetta sje oss nú einmitt sorgarhús, þá vitum vjer samt, að oss einnig nú er gott að vera hjer. En — *„það er ágætur hlutur, að hjartað sje staðfast."*

Jeg hef mælt orð þau, sem jeg vil ætíð varðveita í minni mínu, og einmitt í þessum hryggðarsporum, og minna yður áhið sama, vinir mínir! með hverjum jeg syrgi syrgendum, með hverjum jeg græt

grátendum. Jeg hygg, að þessi orð postulans eigi einkar-vel við hryggð vora að þessu sinni. Með staðföstum hjörtum skulum vjer þá fyrst virða fyrir oss, hver hinn framliðni sje, sem hjer er lagður meðal vor. Það er maðurinn með staðfasta hjartað, það er hann Guðni Hallgrímsson. Jeg þarf ekki að minnast á það við yður, hvílíkur maður hann var, og hvernig oss reyndist hann i fjelagi voru; söknuður sá og hryggð, sem hjer býr með oss, er vjer sjáum honum á bak, er vottur þess, að maðurinn og mannkostir hans vaki yður í minni; og ætíð, þegar jeg heyri merkismanns og góðs manns getið, þá mun hann koma mjer í huga. Sálargáfur hans voru fjörugar, hugsunin stöðug, ljós og víðsýn, orðfærið stutt, þrekmikið, gagnyrt og heppið; að hyggindum mun hann hafa átt sjer fáa jafningja meðal ólærðra manna; hann virti lærdóm og vísindi. En því að eins virðum vjer miklar gáfur, að þeim sje varið vel; því að eins elskum vjer manninn, sem hefur þegið þær af guði, að hann fari með þær eins og guðs gjöf. Og sá er heiður hins framliðna, að hann matti það, að elska Krist, meira allri þekkingu. Sem kristinn maður elskaði hann og lagði stund á það, sem er sómasamlegt, afspurnargott, dyggðugt, hrósvert, kærleiksfullt og heiðarlegt. Þannig var hann í köllun sinni: Sem bóndi var hann umhyggjusamur og framsýnn, stjórnsamur og starfsamur; iðjusemi hans var óþreytandi; og hann leit í öllu verki sínu ekki að eins á sitt, heldur og á annara; hann var hjálpsamur og ráðhollur, þá hann var kvaddur til ráðuneytis, og minntist þess ætíð, að „endann skyldi í upphafi skoða“; það var því sem fátt kæmi honum með öllu óvart, eða gjörði hann ráðþrota. Sem hreppstjóri, hverju embætti hann að dugaði með allri árvekni, var hann góðráður, einarð-

ur, framsýnn og fylginn; ljet hann og ekki ómök nje ferðalög, sem opt voru, ef til vill, heilsu hans um megn, vaxa sjer í augum, ef öðrum, eða almenningi var gagn í. Um hann sem sáttanefndarmann hjer í hrepp er óhætt að fullyrða, að hann leitaði þess, að semja frið milli missáttra með lægni, og sýndi í viðleitni þeirri mestu sanngirniselsku. Vjer viljum lýsa honum eins og hann var, og ætlum oss enga hræsni að mæla; það eitt sæmir, og ekki sízt um þennan mann, sem var bæði orðvar, hreinskilinn og hataði hræsni. Svona var hann í hinu almenna, svona gafst oss hann, meðan hann dvaldi með oss. En mundu margir verða jafningjar hans, það hann var sem eiginmaður um 30 ár jafnlyndur og ástúðlegur, nákvæmur og umönnunarsamur; mundi þetta ekki vera oss öllum ógleymanlegt, sem þekktum til á heimili hans. Aptur var hann sem faðir blíður og siðavandur, og báru synir hans menjar þess; og vjer óskum og vonum, að sá þeirra, sem með oss lifir, gangi í fótspor föður síns í öllu góðu verki; um hinn, sem var kallaður til tignari vinnu í æðra heimi á fegursta æfiskeiði, í skóla lands vors, þegar útlærður og undirbúinn til uppbyggilegs og ágæts lífstarfs meðal bræðra sinna, um hann vitum vjer, að hann varð harmdauður skólabræðrum sínum, saknaður af kennurum sínum; en sjerhvert viðkvæmt hjarta mun hafa kennt til með við það viðkvæma sárið, sem foreldrahjartað særðist; þó er ætíð sætt eða sárblitt, að syrgja góðan.

Ekki gleymdi þessi sæli framliðni gestrisninni, og ætíð var að hitta fyrir sömu hógværðina, skemmtunina og ljúfmennskuna, þar sem hann var. Á hinn bóginn var hann vinavandur, en vinfastur og í vináttunni einlægur. Þessi er maðurinn, sem rjetti mjer með framúrskarandi tryggð liðsinnandi hönd, þegar

jeg fyrst, áður ókunnur, kynntist hjer við, og aldrei hef jeg síðan þurft að sakna hollra ráða hans; hann reyndist mjer blíður og bróðurlegur í vináttu sinni, og aldursmunur okkar mátti eigi hið minnsta raska því; höndin hans deyjanda táknaði loks sömu trúfestina, og andinn sama hugarfarið. Nú er hann lagður hjer framliðinn, og sú röddin, sem skær, karlmannleg, þó blíð, ljet endurhljóma í húsi þessu hjartansmál hinna andríku skáldanna, sú röddin er nú þögnuð, röddin, sem hreif tilfinningar vorar, og efldi andakt vora.

Þannig er það auðskilið, að það er tilfinnanlegt harmsefni fyrir oss, að má nafn manns þess úr tölu lifanda á jörðu, og að skýla jarðmyndum hans í skauti hennar, sem vjer í hjörtum vorum virðum og elskum, sem vjer söknum á hverjum fundi vorum hjer, sem á heiður skilinn fyrir starf sitt í lífinu. En með staðföstum hjörtum skulum vjer einnig gæta þess, að einmitt það hið sama, sem hefur valdið oss söknuðinum og hryggðinni, geymir í sjer huggunarefnið handa oss.

Þessi maður, sem guð gaf hæfilegleika til að starfa mikið í köllun sinni, verzlaði pundum sínum með alúð eptir þeirri köllun; vjer skulum því ekki horfa eptir honum liðnum úr lífinu með söknuði einungis, heldur og með öruggleika trúarinnar og vonarinnar, vjer skulum fagna því, að hann er farinn fram á nýtt stig fullkomnunarinnar. Hann hefur ekki vikið að eins fyrir harðri nauðsyn veg allrar veraldar, heldur hefur guð, umbunarinn þeirra, sem leita hans, kallað hann, til þess að meðtaka endurgjald trúrra þjóna, til að setja hann yfir meira, til að fá honum tignara starf annarstaðar í ríki sínu, til að gjöra hann dýrðlegan á himni dýrðarinnar. Sem kristinn maður hafði þessi framliðni lært að lifa spar-

lega, rjettvíslega og guðrækilega í heimi þessum, og í þessu tilliti skulum vjer hlusta á þá fagnaðarríku bæn frelsara vors og friðþægjara til síns föður og vors föður: „Faðir! jeg vil, að þeir, sem þú gafst mjer, sjeu hjá mjer, svo þeir sjái mína dýrð, sem þú gafst mjer“. Vinur vor er farinn á burt og iðjar með Kristi, sem er ímynd veru guðs og geisli hans dýrðar; hann sjer þar augliti til auglitis, og vinnur í skærri guðdómlegri samvist. Andinn, sá eilífi, heilagi andi guðs, sem upplýsir oss og helgar, sem leiðir oss til guðsríkis og til erfðar með heilögum í ljósinu, hann segir oss: „Sæll er sá, sem í drottni er dáinn, hann hefur fengið hvíld frá þrautum lífsins“.

Þegar vjer erum búnir til þess, að fylgja jarðmyndum þessa manns til hvíldarstaðarins, þá getum vjer ekki látið það óáminnzt, að byrði lífsins lagðist opt þungt á herðar honum; en hann bar hana með guðefldu þreki og þolinmæði. Nú er byrðinni ljett af; með burtförinni er honum þannig fluttur til algjörðrar eignar sá fagnaðarboðskapur: „Komið til mín, þjer, sem erfiðið, og mæðizt undir þungum byrðum, jeg vil veita yður hvíld og endurnæringu“. Sjúkdómur eyddi lífsmagni líkama hans, og sárar þrautir þjáðu hann um næstu missiri; nú hefur hann fengið græðsluna, hvíldina sætu, sem enginn sársauki raskar. Sorgin og harmurinn hittu hann líðandi og stríðandi nærri svo óvænt; nú er hann huggaður; góður sonur hefur þegar tekið á móti ástríkum föður; og hver dauðleg tunga mundi geta skýrt frá fögnuði þeim, fögnuði útvaldra, sem ekki hefur auga sjeð, nje eyra heyrt, fögnuði ástvina, er þeir hittast á himni sælunnar.

Þess vegna fylgjum vjer verkamanninum til hvíldar eptir erfiði lífdagsins með sárum söknuði og virðingu; en með *staðföstum hjörtum;* því vjer unn-

um honum fengins sigurs, unnum honum hvíldarinnar og tignarlegra starfa; vjer unnum honum dýrðlegrar fullkomnunar og guðlegs fagnaðar í himnaríki guðs og Krists; þangað hafa verk hans fylgt honum, þrek og þor, staðfesta og öruggleiki, þolinmæði og afneitun, trúlyndi og hógværð; þangað hafa þessar kristilegu dyggðir fylgt honum, reyndar og efldar í eldi þjáninganna til fullkomnunar í trú, von og kærleika.

Fylgjum jarðmyndum hans til grafarinnar með söknuði, en *staðföstum hjörtum* og þakklátum og grátglöðum; geymum þar minningu heiðarlegrar lífsiðju vors burtfarna vinar, og snúum nú með alvöru og athygli hugum vorum að dagsverki sjálfra vor, að því, hvað oss ber að gjöra, og til hvers vjer erum kallaðir; athugum það, að vjer erum kallaðir til þess að vinna hjer á jörðu, meðan dagur er, þannig, að vilji hins heilaga verði við öll verk vor svo á jörðu, sem á himnum; að vjer erum kallaðir til þess að bera með auðsveipni og þolinmæði þann kross, sem guð leggur á, og ganga með þori og hugprýði fram í stríðinu, sem hann ætlaði oss að heyja, og með staðföstu, óþreytanlegu kappi leita þess, að efla vora betrun, gjöra oss hæfilega til íbúðar heilags anda, sem leiðir oss og styrkir til að eignast æðri, sælli og sívaxandi þroska veru vorrar, til að eignast fullkomnun andans í sjálfum oss, fullkomnun í speki og heilagleika, rjettlæti og kærleika, trú og von; athugum það, að vjer erum kallaðir til að berjast góðri baráttu, og fullkomna skeiðið, og meðtaka svo kórónu lífsins, sem oss er geymd fyrir Jesúm Krist, vorn drottinn, endurlausnara og friðþægjara heimsins.

Að eins um lítinn tíma skiljum vjer hjer að sýnilegri samvist; „Anda, sem unnast, fær aldregi eilífð

að skilið“. Hjer kveðja þig, heimfarni vinur! vinir þínir með sárum söknuði; en með virðingu geyma þeir minningar þinnar í hjörtum sínum; hjer kveður þig sonur, og vill geyma verðuga minningu góðs föður, staðfastur í góðum verkum; hjer kveður þig hugprúð, trúföst og blíð kona, sem var eitt með þjer í kærleikanum og öllu góðu verki, og unir þar öll sem þú ert, í samvist þess heilaga kærleika.

Eilífi kærleikur! sendu henni anda huggunar, vertu hennar athvarf í biðinni; þegar hefur þú í mörg ár vígt hana með krossinum, og hún gekk í fótspor frelsara síns með aðdáanlegri þolinmæði og staðfestu, afneitun og öruggleika; styrktu hana og blessaðu; þinn kærleikur og frelsandi náð er öll hennar löngun og umbun; gef henni það, að fagna og vera glaðri, unz fögnuðurinn verður fullkominn, og þú þerrar öll tár af augum hennar, og eigi skal til vera harmur, nje pína, nje þjáning, nje söknuður, nje dauði; þegar allir þínir trúlyndu þjónustumenn, allir, sem gott hafa gjört, öðlast heiður, vegsemd og frið. Guð, huggarinn! huggaðu oss alla. Amen!

„*Nú vel í herrans nafni*“

vígjum vjer líkama þinn, sæli framliðni! til rósemi og hvíldar í skauti jarðarinnar. Náð, friður, sæla og himnesk blessun hvíli yfir anda þínum, sem á eilífan bústað á himnum. Í nafni guðs föður, sonar og heilags anda. Amen!



Guðni Hallgrímsson.

Hvort er hjer gráts
eða gleði efni?
Dregur æ dauði
döpur harma-
ský á lífshimin
lifandi vina,
þegar hinn góði
til grafar hnígur.

Hvort er hjer gráts
eða gleði efni?
Dýrðlegri sjón
sá ei nokkur,
en guðefldan mann
geði traustu
helstríð harðasta
heyja og sigra.

Lengi mændir þú,
liðni vinur!
hörðum helsóttar
hlekkjum reyrður
ódöprum augum
anda trúaðs
eptir uppruna
æðra lífs sólar.


Nú ertu leystur
frá lífs mæðu,
genginn til gleði
á guðs himni,
þangað, sem von
vora þyrstir
að uppsprettulind
allrar vonar.

Fagni því ættmenn
og ástvinir
fögnuði þínum,
og þakki drottni,
er gaf þig slíkan,
að getur þeim aldrei
minning þín
úr minni liðið.

Mun og minning þín
meðal allra
þeirra, sem þekktu
þig, æ lifa
í þeirri ósk,
að ætti marga
verkamenn slíka
víngarður drottins.

Því fleiri sem af vinum vorum
verða fluttir í sæluheim,
æ því glaðari gleggri sporum
göngum vjer helveg eptir þeim;
þeir eru blóm á blíðheims strönd,
sem blasa við himin-fúsri önd.

Björn Halldórsson.

Lbs - Íslandssafn

100499854 - 3

